



Velferðarsvið

**Umsögn ÍTR vegna tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um markvissa heilsueflingu fyrir eldri borgara**

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs 12. desember 2022 var lögð fram hjálögð umsögn ÍTR vegna tillögunnar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Viðreisnar og Framsóknarflokksins lögðu fram eftirfarandi bókun:

Eins og fram kemur í umsögn íþróttá og tómstundasviðs standa íþróttafélögin í borginni fyrir margskonar heilsueflingu fyrir eldri borgara, s.s. sundleikfimi í sex sundlaugum, leikfimi, golfi, göngu o.s.frv. Umsögninni er vísað til velferðarráðs til frekari meðferðar og afgreiðslu í samræmi við erindi borgarstjórnar frá 23. maí síðastliðinn.

Virðingarfyllt,

Steinþór Einarsson,  
starfandi sviðsstjóri.



Menningar-, íþrótt- og tómsfundaráð

**Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um markvissa heilsueflingu fyrir eldri íbúa í Reykjavík**


Á fundi menningar-, íþrótt og tómsfundaráðs 23. maí 2022 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 6. maí 2022 þar sem vísað var til meðferðar ráðsins eftirfarandi tillögu:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að Reykjavíkurborg bjóði íbúum yfir 65 ára að taka þátt í markvissri heilsueflingu. Velferðarsvið í samráði við öldungaráð Reykjavíkurborgar fái það hlutverk að kanna hvort framkvæmdin skuli vera í samstarfi við íþróttafélögin í borginni eða sjálfstætt starfandi fagaðila.

Menningar-, íþrótt- og tómsfundaráð vísaði tillögunni til umsagnar hjá ÍTR.

Á vegum ÍTR og íþróttafélaganna í Reykjavík er mikið framboð til heilsueflingar fyrir eldri íbúa borgarinnar. Nú þegar er boðið uppá sundleikfimi í sex sundlaugum borgarinnar, alls 18 kennslutímar á viku. Einnig er í boði leikfimi á vegum ÍTR hjá Víkingi í Víkinni tvisvar í viku. Vítamín í Val einu sinni í viku, Kraftur í KR tvisvar í viku, Betri borgarar Fylkis tvisvar sinnum í viku, Korpúlfar í Fjölni tvisvar sinnum í viku í Egilshöll, jafnframt er opið fyrir göngufólk alla daga. Leikfimi í Íþróttamiðstöð ÍR og Íþróttamiðstöð Ármanns tvisvar í viku. Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 er ekki sérstök fjárveiting í frekari heilsueflingu fyrir eldri íbúa í Reykjavík en þegar er í boði. Vert er að geta þess einnig að einkaaðilar svo sem líkamsræktarstöðvar eru einnig að þjónusta eldri borgara vel með ýmsum námskeiðum og leiðbeiningum.

Virðingarfyllst,

  
Steinþór Einarsson,  
starfandi sviðsstjóri ÍTR.